

## Opinbera deildin, skýrsla á aðalfundi 2022

### Ágætu félagar!

Að venju verður á þessum aðalfundi farið yfir það helsta sem gerst hefur á liðnu starfsári sem var enn og aftur mjög óvenjulegt vegna Covid-19. Haldnir hafa verið fjórir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var rafrænt 4. febrúar 2021.

Óhætt er að segja að erfitt var að skipuleggja eitthvað á vegum deildarinnar þetta starfsárið annað en það sem hægt var að hafa rafrænt.

Ýmis mál hafa verið rædd á fundunum, m.a. starfið innan deildarinnar, samningamál, um félagsmannasjóðinn, vinnutímastyttingar, stofnanasamninga, yfirtöku öldrunarheimila Akureyrar og svo málefni Heilsuverndar, trúnaðarráð félagsins og margt fleira.

Ekki hefur komið til þess að félagið hafi þurft að loka skrifstofum sínum á starfsárinu vegna Covid eins og síðast, en vegna ástandsins þá hvetjum við félagsmenn til að nýta sér síma, tölvupóst og vefsíðu Einingar-Iðju frekar en að mæta á skrifstofurnar ef hægt er.

Í síðustu kjarasamningum við ríki og sveitarfélögin náðist tímamóta samkomulag um styttingu vinnutímans. Breytingar vegna vaktavinnufólks tók gildi 1. maí sl. og breytingar hjá dagvinnufólki tóku gildi 1. janúar í fyrra.

Varða - Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins gerði nýlega könnun meðal starfsfólks sveitarfélaganna sem er í félögum SGS um hvernig vinnutímastyttingin tókst og framkvæmd hennar. Félagið ákvað að boða trúnaðarmenn Einingar-Iðju sem starfa hjá sveitarfélagi á rafrænan fund í síðustu viku þar sem Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu, fór yfir niðurstöðurnar.

Könnunin leiddi í ljós að tæplega helmingur svarenda eru frekar eða mjög ánægðir með styttingu vinnuvikunnar, en til samanburðar segist fjórðungur vera hvorki ánægð né óánægð og rúmlega fjórðungur eru frekar eða mjög óánægð.

Ánægjan er útbreiddari meðal kvenna og þá er fólk af pólskum uppruna almennt ánægðari með styttinguna miðað við fólk af íslenskum uppruna.

Ánægja með styttingu vinnuvikunnar var sömuleiðis greind eftir vinnufyrirkomulagi og þau sem eru í dagvinnu mun ánægðari en þau sem stunda vaktavinnu. Þegar lítið er til starfshlutfalls er ánægjan sömuleiðis mest meðal þeirra sem eru í fullu starfi.

Áberandi er þegar niðurstöðurnar eru greindar eftir starfsstéttum að starfsfólk í umönnun á stofnunum er sá hópur sem er óánægðastur með styttingu vinnuvikunnar. Hjá þessum sama hópi hafa launin lækkað hvað mest og minnst samráð var um innleiðinguna.

Í könnuninni var spurt út í innleiðingarferlið á styttingu vinnuvikunnar og er skemmst frá því að segja að þátttakendur eru mun ánægðari eftir því sem meira samráð var haft, sbr. kosningu á meðal starfsfólk. Á móti var ánægjan mun minni þegar lítið eða ekkert samráð var haft við innleiðinguna, sbr. þar sem stjórnendur tóku einhliða ákvörðun, en þess skal geta að í fylgiskjali 2 með kjarasamningi SGS og SNS er skýrt kveðið á um að styttingin eigi að vera útfærð með samkomulagi milli atvinnurekanda og starfsfólks.

Það er áhyggjuefni hve víða var lítið eða ekkert samráð haft við starfsfólk við innleiðinguna, þjónusta hefur víða minnkað og ákveðnir hópar virðast hafa lækkað í launum.

Fulltrúar SGS munu styðjast við niðurstöður könnunarinnar í viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hvað varðar félagsmenn Einingar-Iðju þá kemur í ljós að þeir eru heilt yfir neikvæðari en landsmeðaltalið í þessari könnun, ekki síst fólk í umönnunarstörfum. Félagið er búið að halda marga Teams fundi með trúnaðarmönnum þar sem umræðuefnið er vinnutímastytting. Þá hefur mikill tími farið í þessi mál hjá starfsmönnum félagsins, bæði í innleiðingarferlinu og eins eftir að vinnutímastyttingunni var komið á.

Undirbúningur fyrir næstu kjarasamninga er hafinn en stjórn félagsins samþykkti í ágúst í fyrra tillögu um ferlið. Tillagan var í nokkrum liðum og er nokkrum liðum hennar nú þegar lokið, m.a. að deildir komi með tillögur að fulltrúum í samninganefnd, að trúnaðarráð kjósi í nefndina og að halda vinnufund í samninganefndinni.

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri mun gera könnun á meðal félagsmanna þar sem kannað verður hvaða áherslur félagið á að leggja á í næstu kjarasamningagerð. Kannanir sem þessi hafa gefið góða raun fyrir síðustu samninga viðræður, en með þessari aðferð hafa um og yfir 2.000 félagsmenn getað komið að undirbúningi félagsins.

Hvað okkar deild varðar þá fellur samningurinn við ríkið úr gildi 31. mars 2023 en samningur við sveitarfélögin gildir til 30. september 2023. Samt sem áður mun sú vinna sem núna fer fram nýtast vel inn á undirbúning fyrir þá samninga. Ég hvet alla félagsmenn til að gefa sér tíma til að svara könnuninni.

Í síðasta kjarasamningi við sveitarfélögin var samið um og stofnaður sérstakur félagsmannasjóður. Atvinnurekandi greiðir mánaðarlegt framlag í sjóðinn sem nemur 1,5% af heildarlaunum félagsmanna og er greitt úr sjóðnum 1. febrúar ár hvert.

Allir félagsmenn sem starfa hjá sveitarfélagi eða störfuðu hjá sveitarfélagi á félagssvæðinu á tímabilinu frá 1. febrúar 2020 til 31. desember 2020 áttu að fá greitt úr félagsmannasjóði 1. febrúar í fyrra og í dag áttu allir að fá sem starfa eða störfuðu hjá sveitarfélagi í fyrra að fá greitt.

Starfsgreinasambandið sér um að halda utan um sjóðinn og greiða út úr honum en forsenda þess að hægt sé að greiða úr sjóðnum er að SGS hafi kennitölu, bankaupplýsingar, síma og netfang félagsmanna. Ég hvet alla sem enn eiga eftir að senda inn upplýsingar að gera það sem fyrst, þeir munu fá greitt síðar.

Hægt er að skrá reiknings upplýsingar á heimasíðu SGS undir flípanum Félagsmannasjóður.

Árlegur fræðsludagur Einingar-Iðju fyrir trúnaðarmenn, starfsmenn og aðra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið féll aftur niður vegna Covid og ekki er enn búið að ákveða nýja dagsetningu.

Í september átti að fara fram málefnahluti þings ASÍ sem sett var rafrænt í október árið á undan. Þá var þinginu frestað fram á vor og svo aftur til haustsins vegna Covid en vegna samkomutakmarkana og fjölda smita í samfélaginu var ákveðið að aflýsa málefnahluta þingsins og slíta þinginu. Eining-Iðja átti rétt á að senda níu fulltrúa á þingið.

Aðalstjórn félagsins ákvað að framkvæma aftur sambærilega kjara- og viðhorfskönnun eins og framkvæmd hefur verið ár hvert frá árinu 2011. Óhætt er að segja að mikil ánægja er með þjónustu félagsins og félagið sjálft. Niðurstöðu könnunarinnar má finna á heimasíðu félagsins.

Vert er að minna á að félagið er með samstarfssamning við SÍMEY sem er með það markmið að skapa enn fleiri möguleika fyrir félagsmenn Einingar-Iðju til að sækja sér fræðslu og auka við starfstengda hæfni sína. SÍMEY mun kappkosta við að endurspeglar þarfir okkar félagsmanna varðandi símenntun.

SÍMEY býður upp á fjöldamörg námskeið sem eru bæði starfstengd og tengd áhugamálum hvers og eins og geta áhugasamir kíkt á heimasíðu SÍMEY til að sjá hvað er í boði.

Félagsmenn geta skráð sig á nokkur vefnámskeið og nokkur styttri námskeið sér að kostnaðarlausu. Sem dæmi um slík námskeið á næstunni má m.a. nefna Persónuleg fjármál sem verður 8. febrúar, Heilaheilsa og þjálfun hugans sem verður 16. og 23. febrúar og Hvort viltu vera gleðigjafi eða fylupoki? sem verður 15. mars.

Í ljósi aðstæðna í íslensku samfélagi ákváðu stjórnir Landsmenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar snemma á árinu 2020 að rýmka úthlutunarreglur einstaklingsstyrkja til 1.maí 2022. Hluti átaksins fólst í því að hlutfall endurgreiðslu styrkja hækkar tímabundið úr 75% í 90% hjá bæði fyrirtækjum og til einstaklinga.

Lokadagsetning átaksins hefur nokkrum sinnum verið breytt og nú ákváðu stjórnir sjóðanna að halda áfram með allt að 90% endurgreiðsluhlutfall til 1. maí 2022 og verður það þá endurskoðað aftur. Nánari upplýsingar um þetta má finna á heimasíðu félagsins.

Ég vil minna á að félagsmenn geta hvenær sem er haft samband við ráðgjafana í SÍMEY og fengið hjá þeim ókeypis ráðgjöf. Ef einhverjir eru með hugmyndir að námskeiðum sem þeir hafa áhuga á, er um að gera að koma því á framfæri við Önnu varaformann félagsins.

Í fyrra voru í boði tvær ferðir hjá félaginu en vegna aðstæðna þurfti að hætta við aðra þeirra. Í ár voru í boði þrjár ferðir, en nú þegar er búið að hætta við utanlandsferðina. Skráning er hafin í innanlandsferðina, en farin verður dagsferð út í Flateyjardal laugardaginn 27. ágúst. Ekki er eftir neinu að bíða með að skrá sig fyrir þá sem hug hafa á að fara með, því bæði er um að ræða lágmarks- og hámarksfjölda í ferðina. Síðar verður auglýst hvenær byrjað verður að skrá í hina árlegu eins dags ferð fyrir aldraða félagsmenn sem farin verður 23. júní. Í ár verður farið út í Hrísey.

Orlofsblaðið kemur út í mars og mikið úrval sumarhúsa verður í boði. Áfram verður boðið upp á Orlof að eigin vali. Styrkurinn í ár verður 26.000 kr og verða í boði 300 styrkir eins og áður. Sækja þarf um orlofshúsin og styrkinn í gegnum orlofshúsavef félagsins.

Ég minni á varðandi sumarúthlutun orlofshúsa að eins og undanfarin ár verður einungis tekið við rafrænum umsóknum í gegnum orlofshúsavef félagsins. Á heimasíðu félagsins má finna hnapp inn á orlofshúsavefinn.

Ef einhver þarf á aðstoð að halda við að sækja um orlofshús eða Orlof að eigin vali þá er hægt að mæta á skrifstofurnar og fá aðstoð við það að sækja um.

Áfram verður hægt að kaupa niðurgreidda rafræna ferðaávisun á orlofsvef félagsins sem gildir á fjölmörg hótél og gistiheimili um allt land. Með því að skrá sig inn á orlofsvefinn má sjá hvaða gististaðir eru í boði og þar þarf að kaupa ávisunina sem er rafræn. Á sama stað verður áfram hægt að hægt að kaupa niðurgreidd útilegu- og/eða veiðikort.

Nú verður líka hægt að nota ferðaávisunina upp í gönguferðir, en búið er að semja við Ferðafélag Íslands, Útivist og Fjallafjör um að taka við Ferðaávisun stéttarfélagana. Félagsmenn njóta sérkjara á völdum ferðum en einnig má nota Ferðaávisun upp í hvaða ferð sem er á vegum þessara fyrirtækja.

Ég vil enn og aftur minna á heimasíðu félagsins, ein.is, þar sem má m.a. nálgast gagnlegar upplýsingar um félagið, kjaramál, fræðslumál og réttindi launafólks. Síðan er vel virk og vel sótt af félagsmönnum og öðrum. Hægt er að skrá sig á póstlista á síðunni og fá þannig nýjustu fréttir sem á hana koma.

Félagið er með virka síðu á Facebook svo þið megið alveg endilega gefa okkur eins og eitt like á þá síðu og svo er um að gera að deila henni svo fleiri félagsmenn viti af henni.

Svona áður en við förum að snúa okkur að stjórn deildarinnar og kosningum þá langar mig að vekja athygli á að á skrifstofu félagsins á Akureyri starfa fjórir ráðgjafar hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði, þær, Helga Þyri sem jafnframt er verkefnastjóri á svæðinu, Kristín, Nicole og Svana. Þær eru starfsmenn Einingar-Iðju, en starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu.

Nicole er með fasta viðveru á skrifstofu félagsins á Dalvík á þriðjudögum og Svana er með fasta viðveru á skrifstofunni í Fjallabyggð á miðvikudögum.

Fyrir þá sem ekki vita þá er þjónusta VIRK fyrir einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsubreysts og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Til að eiga rétt á þjónustunni þarf einstaklingur að vera með vottaðan heilsubreyst frá lækni í formi vottorðs eða beiðni læknis um þjónustu hjá VIRK. Það geta legið margar og ólíkar ástæður fyrir því að fólk falli út af vinnumarkaði og þarfnist starfsendurhæfingar. Kulnun í starfi, afleiðingar slysa og áfalla, eða andlegir sem líkamlegir sjúkdómar. Ef þið viljið fá nánari upplýsingar um VIRK þá má t.d. nálgast þær á heimasíðu félagsins.

Þá skulum við snúa okkur að stjórn deildarinnar og kosningum ársins.

#### **Stjórn deildarinnar var þannig skipuð fyrir síðasta starfsár:**

Formaður	Guðbjörg Helga Andréadóttir	Þjónustukjarninn Borgargili
Varaformaður	Ingibjörg M. Ingvadóttir	Dalvíkurskóli
Ritari	Guðrún Valdís Eyvindsdóttir	Naustaskóli
Meðstjórnendur	Andreea Georgiana Lucaci, Ágústa Ósk Guðnadóttir Bergur Þór Jónsson. Halldór Ari Brynjólfsson Ólöf María Olgeirsdóttir Signý Aðalsteinsdóttir	Heilsuvernd hjúkrunarheimili Oddeyrarskóli Skógarlundur Vegagerðin Heimaþjónusta Akureyrar SAK

Í ár á að kjósa um varaformann og þrjá meðstjórnendur til tveggja ára. Einnig þarf að kjósa um einn meðstjórnanda til eins árs.

Úr stjórn eiga að ganga: Ingibjörg María Ingvadóttir, Ágústa Ósk Guðnadóttir, Halldór Ari Brynjólfsson og Signý Aðalsteinsdóttir.

Ágústa og Halldór hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram í stjórn deildarinnar. Ingibjörg María gefur áfram kost á sér í embætti varaformanns og Signý gefur kost á sér áfram sem meðstjórnandi. Silvía Ösp Hauksdóttir og Helgi Garðar Skjaldarson gefa kost á sér sem meðstjórnendur.

Bergur Þór skipti um vinnu og fór í annað félag á tímabilinu og því þarf að kjósa einn meðstjórnanda til eins árs og býður Valdimar Friðjón Jónsson fram í embættið.

Ég vil þakka Ágústu, Bergi og Halldóri sem nú láta af stjórnarstörfum fyrir samstarfið á liðnum árum. Ég vil einnig þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og sérstaklega öðrum stjórnarmönnum deildarinnar og starfsmönnum Einingar-Iðju. Að lokum þakka ég Birni Snæbjörnssyni, starfsmanni deildarinnar fyrir gott samstarf á árinu.

Takk fyrir.